



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 102. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 19. mars kl. 15:00 í húsakynnum Mannvits.

Mættir: Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson.
Forföll: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Innheimta félagsgjalda

Eftir að hafa tekið nokkurn tíma að innleiða nýtt innheimtukerfi gengur innheimta félagsgjalda nú mjög vel.

3. Ársreikningur og fjárhagsáætlun

CB kynnti drög að ársreikningi fyrir árið 2011 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Rekstrarhalli var á árinu 2011 sem nemur kr. 421 þús., en það skýrist af því að innheimta félagsgjalda tafðist fram yfir áramót. Eignir umfram skuldir voru í árslok kr. 2.560 þús. Samþykkt að senda reikninginn til endurskoðenda félagsins. Fjárhagsáætlun, m.v. óbreytt félagsgjöld, gerir ráð fyrir kr. 1.731 þús í tekjur en kr. 705 þús í gjöld, eða kr. 1.026 þús í afgang, sem m.a. á rætur að rekja til þess að félagsgjöld tveggja ára verða innheimt á árinu 2012.

4. Aðalfundur og vorkundur

Dagskrár beggja fundanna liggja fyrir og til þeirra hefur þegar verið boðað. Samþykkt að stjórn geri tillögu um óbreytt félagsgjöld á árinu 2012. Innheimtar verða kr. 3.000 hjá öllum einstaklingum með félagsaðild, en námsmenn geta með ábendingu til gjaldkera fengið kröfuna lækkaða í kr. 1.000. Helgast þetta fyrirkomulag af því að stjórn félagsins hefur ekki yfirsýn yfir stöðu félagsmanna gagnvart námi hverju sinni.

5. Önnur mál

Þrír nýir félagsmenn samþykktir í félagið, allir við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands:

- Magnús Þór Jónsson, prófessor
- Ólafur Pétur Pálsson, prófessor
- Halldór Pálsson, dósent

Loks var Sigurði þakkað ánægjulegt samstarf undanliðin tvö ár, en hann mun ekki gefa kost á sér til endurkjörs á komandi aðalfundi. Þakkaði hann ánægjulegt samstarf sömuleiðis.

Ekki er gert ráð fyrir að stjórnin fundi á ný fyrir aðalfundinn 17. apríl.

Fundi slitið kl. 16:00. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
